

Hlíðaskóli

Fundargerð skólaráðs

Fundur 27. febrúar 2026

Tími: 08:30–09:50

Staður: Blindraheimili

Fundarmenn:

Berglind Stefánsdóttir, skólastjóri

Einar Máni Friðriksson, fulltrúi foreldra

Bryndís Jónatansdóttir, fulltrúi foreldra

Valgerður Marija Purusic, fulltrúi grenndarsamfélagsins

Anna Soffía Reynisdóttir, fulltrúi kennara

Brynja Blumenstein, fulltrúi kennara

Guðni Kristmundsson, fulltrúi starfsmanna

Nemendafulltrúar

Fundarstjóri: Berglind Stefánsdóttir

Fundarritari: Þorgerður Laufey Diðriksdóttir, deildarstjóri

1. Skóladagatal

Skóladagatal lagt fram til kynningar. Boðað verður til auka skólaráðsfundar á Teams föstudaginn 6. mars kl. 8:30 þar sem farið verður yfir athugasemdir og skóladagatal fyrir skólaárið 2026–2027 lagt fram til samþykktar.

2. Matseðill í Hlíðaskóla

Niðurstöður úr Skólapúlси skólaársins 2025–2026 benda til aukinnar óánægju með mat í skólanum og aðstöðu í matsal. Guðni Kristmundsson, kokkur, gerði grein fyrir matseðli skólans og áherslu á hollan, fjölbreyttan og góðan mat. Fiskur er á matseðli tvisvar í viku. Fram kom að yngri nemendur eru yfirleitt sáttir við matseðilinn en á miðstigi fari að bera á því að nemendur vilji síður fisk. Jafnframt var rætt um þrengsli í matsal, sérstaklega fyrir nemendur á miðstigi og unglingastigi, sem samræmist niðurstöðum Skólapúlсins.

Berglind Stefánsdóttir þakkaði Guðna fyrir góða yfirferð og fyrir það mikilvæga starf sem unnið er við að tryggja nemendum og starfsfólki hollan og góðan mat.

3. Hálkublettir á skólalóðinni

Rætt um hálkublettir á skólalóðinni og mögulegar úrbætur til að tryggja öryggi nemenda og starfsfólks.

4. Skápar fyrir töskur á unglingastigi

Rætt um þörf fyrir skápa fyrir nemendur á unglingastigi til að geyma töskur og námsgögn.

5. Kynning á nemendafulltrúum

Nemendafulltrúar kynntu sig og sögðu frá áherslum sínum í starfi skólaráðs.

6. Önnur mál

Rætt var um stöðu þeirrar vinnu sem er í gangi við uppsetningu öryggismyndavéla í anddyrum skólans. Berglind Stefánsdóttir gerði grein fyrir stöðu málsins og kvaðst vongóð um að myndavélar gætu verið settar upp í kringum páska.

Fundi slitið kl. 09:50
